



## Göngum í skólann

Í byrjun október fór fram verkefnið *Göngum í skólann*. Í eina viku voru nemendur hvattir sérstaklega til að koma gangandi í skólann. Margir kennarar nýttu þetta tækifæri til að kenna nemendum að skrá upplýsingar á markvissan hátt og vinna með tölfræði og prósentur. Á lokadegi verkefnisins var svo farið í samstöðugöngu. Allir nemendur skólans fóru ásamt starfsmönnum í gönguferð um bæinn, stoppað var á Silfurtorgi og teknir nokkrir hreyfisöngvar og að því loknu var farið á skólalóðina þar sem allir þátttakendur sameinuðust í risastórum „snúði“ eins og sjá má.



## Glímumót

Í fyrstu viku október fór einnig fram glímumót í skólanum. Mótið var haldið í samvinnu íþróttafélagsins Harðar og skólans og var einskonar upp-  
hitun fyrir Íslandsmótið í glímu sem haldið verður á Ísafirði í vor. Öllum nemendum í 5.—10. bekk bauðst að taka þátt. Nemendur höfðu af þessu mikla skemmtun og sumir komu jafnvel sjálfum sér á óvart með árangri sínum.



Vinningshafar úr 7. bekk



### **Íþróttahátíð í Bolungarvík**

Að venju var haldin íþróttahátíð í Bolungarvík í október. Þetta hefur verið árviss viðburður hjá unglingum á svæðinu í marga áratugi. Krakkarnir í GÍ stóðu sig með þryði í hinum ýmsu íþróttagreinum. Ánægjulegt var einnig að nemendur okkar voru til fyrirmyndar á ballinu sem haldið var um kvöldið.



### **Foreldradagur og námsmat**

Foreldraviðtöl verða þann 10. nóvember. Þá verður farið yfir hvernig nemendum hefur gengið að vinna að grunnþáttunum virðingu, samhug og menntun. Foreldrar munu fá sent heim yfirlitsblað yfir hvernig hefur gengið hjá börnum þeirra og það síðan tekið til umræðu í viðtölunum. Vonandi verður þessi nýjung til að hjálpa okkur við að kenna nemendum að bera ábyrgð á eigin hegðun og skapa um leið jákvæðara og skemmtilegra andrúmsloft í skólanum.

### **Um verkjalyf**

Alltaf er nokkuð um að nemendur biðji um verkjalyf á skólatíma. Þetta er vandmeðfarið mál og ólíkar skoðanir um hvað gera skuli í slíkum tilvikum. Sum börn fá oft verkjalyf heima hjá sér en önnur aldrei. Oft er talið betra að gefa verkjatöflu við höfuðverkjum eða tíðaverkjum heldur en að senda nemendur heim úr skóla. En það er þó alls ekki hlutverk skóla að gefa börnum lyf. Starfsfólk skólans er sammála um að í þessu efni þurfi að vera ákveðin vinnuregla og munum við nú ekki gefa börnum verkjalyf í skólanum nema að hringja fyrst í foreldra og fá samþykki þeirra. Oftast er þetta í verkahring hjúkrunarfræðings en ef hann er ekki við sinna skólastjórnendur eða ritari nemendum sem líður illa.



Samsöngur er hafinn að nýju hjá 1. – 6. bekk og syngja nemendur að jafnaði einu sinni í viku í dansstofunni undir stjórn Olgu skólástjóra.

## Um afmælisboð

Það er gaman að eiga afmæli og það er líka gaman að fara í afmælisveislur en það er alltaf leiðinlegt að fá fréttir af því að börn séu höfð útundan þegar efnt er til afmælisboða. Því miður hafa borist slíkar fréttir til okkar í haust. Við viljum biðja foreldra um að hafa í huga þegar þeir skipuleggja afmælisveislur með börnum sínum að gæta þess að engir standi eftir sárir vegna þess að þeim hafi ekki verið boðið líkt og öðrum bekkjarfélögum. Ef skólafélögum er boðið í veislu er gott viðmið að bjóða annað hvort öllum stelpunum, öllum strákonum eða öllum hópnum.



## Útikennsla

Útikennslustofa var tekin í notkun í Jónsgarði í haust. Skólinn og leikskólarnir sam-einast um notkun á henni. Flestir hópar í heimilisfræði hafa farið og eldað súpu og bakað brauð yfir eldi nú eða bara hitað kakó. Þetta hefur verið ákaflega skemmtileg tilbreyting í skólastarfinu og nemendur eru himinlifandi.



## Árshátíð

Árshátíð skólans var haldin í lok október. Að vanda voru allir árgangar með skemmtiatriði og allir nemendur höfðu hlutverk í sýningunum. Þeir sem ekki voru sjáanlegir í atriðum sáu um sviðsmyndir, búninga, tæknimál, förðun og fleira. Við svona viðamikla og stóra sýningu er nauðsynlegt að hafa gott skipulag og passa að allt gangi upp. Atriðum er raðað niður á sýningar og ekki komast allir að allsstaðar enda yrðu sýningar þá allt of langar. Hefð er fyrir því að allir nemendur fái eina sýningu í boði skólans og er ákveðið skipulag á því hvaða árgangar og gestir horfa á hvaða sýningu. Þetta er gert vegna plássleysis. Oft hefur verið kvartað yfir því að elstu nemendurnir fái ekki tækifæri til að sjá þá yngri og nú var ákveðið að bjóða 10. bekk á sérstaka aukasýningu þar sem nemendur 1. – 4. bekkjar sýndu elstu árgöngum leikskóla sín atriði. Þetta mæltist mjög vel fyrir. Segja má að árshátíðin sé einn af hápunktunum í skólastarfinu og eitt af þeim atriðum sem við erum hvað stoltust af.